

Lán Byggðastofnunar í erlendri mynt

Skilyrði fyrir lánveitingu o.fl.

Byggðastofnun veitir lán í erlendri mynt, í bandaríkjadal (USD), evrum (EUR) og japönskum jenum (JPY)

Lán Byggðastofnunar í erlendri mynt eru að jafnaði veitt til 10-12 ára. Hámarks lánstími er 15 ár.

Vextir á erlendum lánum Byggðastofnunar eru breytilegir og miðast við millibankavexti að viðbættu álagi. Stjórn Byggðastofnunar getur breytt kjörum á lánum stofnunarinnar, sjá nánar Reglur um útlánastarfsemi Byggðastofnunar.

Ávallt er krafist veðtrygginga fyrir lánunum. Veð geta verið fasteignir, skip eða lausafé. Hámarks veðsetningarhlutfall er 70% af verðmæti fasteigna og 50% af verðmæti skipa og/eða annars lausafjár.

Byggðastofnun veitir einungis lán í erlendri mynt til gjaldeyrisskapandi fyrirtækja sem hafa tekjur í erlendri mynt. Aðilar sem hafa einungis tekjur í íslenskum krónum geta ekki fengið lán í erlendri mynt hjá Byggðastofnun.

Lán í erlendri mynt til einstakra aðila geta að hámarki numið sama hlutfalli og tekjur hans í sömu mynt eru. Hlutfall erlendra lána sé þannig að hámarki hið sama og erlendar tekjur viðkomandi, þ.e.a.s. lán í ákveðinni mynt verður að hámarki sama hlutfall skulda og hlutfall myntar í tekjum fyrirtækis. Sé evra t.d. 45% af tekjum þá verða langtímalán í evru að hámarki 45% af langtímalánum félagsins við lánveitingu. Ef lánsþörf umsækjanda er meiri en þessu nemur getur hann sótt um að lán til hans umfram tekjur í erlendri mynt séu veitt í krónum.

Umsækjandi skal sýna fram á tekjur í erlendri mynt t.d. með yfirlýsingu frá endurskoðanda fyrirtækisins eða staðfestum ársreikningum. Umsókn skulu að öðru leyti fylgja sömu gögn og öðrum lánsumsóknnum hjá Byggðastofnun, sjá nánar hér: <https://www.byggdastofnun.is/is/moya/page/lansumsokn>

Verði umsókn um erlent lán samþykkt er lántaka á lánstímanum skylt að veita Byggðastofnun upplýsingar um tekjuflæði sitt, breytingar til hækkunar eða lækkunar á tekjum í erlendri mynt og heildarstöðu lána árlega. Lántaka er einnig skylt að gera Byggðastofnun viðvart ef framundan eru breytingar á rekstrarumhverfi hans sem geta leitt til þess að tekjur hans í erlendri mynt lækki umfram afborganir erlendra lána svo unnt sé að bregðast við því.